190730З 02.08.19




AFSTÖÐUMYND
mkv: 1 : 500

N

**BYGGINGARLÝSING**

**VESTURVANGUR 46**

Staðgreinir: 1400-1-93200460
Landnúmer:122916

Um er að ræða einbýlishús á einni hæð, að undanteknum kjallara undir bílskúr.
Húsið er steypt, einangrað að innan og stendur a steyptum sökkli með léttu málmklæddu þaki.
Upprunalegur hönnuður hússins er Haraldur Haraldsson

**BREYTINGAR UTANHÚSS:**
Viðbyggingu verður bætt við suðvesturhluta hússins, sem er sú átt sem snýr að Vesturvanglnum, þar sem núverandi stofa verður stækkuð.

Gluggar í öllu húsinu verða endurnýjaðir, og nýjir gluggar verða úr áli og gler tvöfalt K-gler.
Glugga verður bætt við í eldhúsi sem snýr í norðaustur og glugga með opnanlegu fagi verður bætt við í sjónvarpsrými, staðsett við hlið aðalinngangs.
Allt gólfsitt gler verður öryggisgler.
Viðbyggingin verður á steyptum sökkli og steyptri botnplötu, einangrað að neðan með 100mm plasteinangrun.

Útveggir viðbyggingar verða steyptir, einangraðir með steinull að utan og klæddir læstri álklæðningu á loftuðu upphengi-kerfi, sjónsteypa er að innan. Núverandi bygging verður máluð hvít.

Þak hússins verður endurnýjað og verður léttbyggt timburþak með málmklæðningu.
Einangrað samkvæmt reglugerð með 220mm þakull.
Þak nýbyggingar verður steypt viðsnúið þak. Einangrað að ofan rakaþolinni einangrun og fergt.

Skipulag garðs breytist einnig, pallur verður byggður á suðurvesturhluta hússins sem og skjólveggir, byggðir úr timbri. Heitum potti verður bætt við á verönd með loki, samkvæmt reglugerð.

**BREYTINGAR INNANHÚSS:**
Núverandi skipulag innanhúss breytist lítillega með breyttri herbergisskipan og endurnýjuðu baðherbergi og eldhúsi.
**Upphitun, lagnir og inntök:**
Húsið er kynt með ofnum, gólfhita verður komið fyrir í eldhúsi og stofu.
Gólfniðurföll eru í votrýmum. Nýjar lagnir verða innbyggðar í milliveggi og gólf.
**Klæðningar og innveggir:**
Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.
Innanhússklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni, timburgólf í flokki G.
Inniveggir verða einangraðir tvöfaldir gipsveggir. Gólf er timburklætt, flísar í votrýmum.

**Kólnunartölur einangrunar:**
Botnplata: U-gildi 0,30
Útveggir: U-gildi 0,40
Þak: U-gildi 0,20
Hurðir: U-gildi 3,0
Gluggar: U-gildi 2,0

**Brunavarnir:**
Reykskynjarar á viðeigandi stöðum. Björgunarop úr svefn-herbergjum sbr. byggingarreglugerð. Brunavarnir (björgunarop) verða uppfærðar samhliða eðlilegu viðhaldi hússins.

**Heildarstærð mhl01 fyrir stækkun:**
Flatarmál: 129,8 m2
Rúmmál: 445,4 m3

**Stækkun:**
Flatarmál stækkunar:43,4 m2
Rúmmál stækkunar:164,5 m3

**Heildarstærð mhl01 eftir stækkun:**
Flatarmál, D8: 173,2 m2
Rúmmál, D11: 609,9 m3

**Bílskúr mhl02 er óbreyttur**
Flatarmál: 33,6 x 2 = 67,2 m2

Stærð lóðar: 1029,7m2
Nýtingarhlutfall: 240,4 / 1029,7 = 0,23

Samþykkt þann
14. ágú. 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

SKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| (hatched) | VIÐBYGGING |
| — · — · — | LÓÐARMÖRK |
| — — — | BYGGINGARREITUR |
| - - - - - | INNTAK VEITNA |
| K | HÆÐ LANDS Á LÓÐARMÖRKUM |
| BO | BJÖRGUNAROP |




ÁSÝND SUÐVESTUR
mkv: 1 : 100




ÁSÝND SUÐAUSTUR
mkv: 1 : 100




ÁSÝND NORÐAUSTUR
mkv: 1 : 100




ÁSÝND NORÐVESTUR
mkv: 1 : 100

13.08.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

| BREYTING | DAGSETNING | TEIKN. |
|---|---|---|
| e: | | |
| d: | | |
| c: | | |
| b: | | |
| a: Byggingarlýsing uppfærð (öryggisgler og þakeinangrun). Breytingar undirstrikaðar. | 19-08-01 | JEJ |

| | | | |
|---|---|---|---|
| VESTURVANGUR 46 | | | |
| HAFNARFJÖRÐUR | | | VERK 19-523 |
| AÐALUPPDRÆTTIR<br>AFSTÖÐUMYND, ÚTLIT | | | BLAÐ 101 |
| REYKJAVÍK Dags.19-07-16 | | | |
| BREYTT 19-08-01 | | BREYTING A | |
| HANNAÐ LBS/JEJ | TEIKNAÐ LBS | YFIRFARIÐ JEJ | |
| KVARÐI 1 : 500 og 1:100 | | BLAÐSTÆRÐ A2 | |
| SAMÞYKKT Jóhann Einar Jónsson<br>Kt. 090982-3549 JEJ | | HÖNNUNARSTJÓRI JEJ | |

**TEIKNISTOFA ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

VEGMÚLA 2 108 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740
KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
NETFÖNG: johann@teikna.is, arni@teikna.is VEFFANG: teikna.is